Þorskeldiskvótafundur 16.-17. nóvember 2009 í Reykjavík

# YFIRLIT YFIR ÞORSKELDISKVÓTAVERKEFNIÐ Í NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ

Valdimar Ingi Gunnarsson, Hafrannsóknastofnunin

# Efnisyfirlit

- Markmið þorskeldiskvótaverkefnisins
- Upplýsingamiðlun
- Hvar stöndum við?
- Ávinningur af föngun og áframeldi
- Hvert stefnum við?

# Markmið þorskeldiskvótaverkefnisins

- Markmiðið með vinnu Hafrannsóknastofnunar er að:
  - Samræma söfnun og úrvinnslu gagna aðila sem fengu úthlutað þorskeldiskvóta
  - Gefa árlega út skýrslu til að tryggja að sú þekking sem hefur aflast varðveitist
  - Stuðla að þekkingarmiðlun á milli þorskeldisfyrirtækja
  - Fá fram tillögur um mikilvæg rannsókna- og þróunarverkefni.
- Þarf að breyta markmiðum verkefnisins?

# Upplýsingamiðlun

- Markmið með vefnum er að miðla upplýsingum um þorskeldi.
- Megin áhersla er lögð á matfiskeldi á þorski.
- Vefurinn er hluti af Þorskeldiskvótaverkefni Hafrannsóknastofnunnar




www.sjavarutvegur.is/thorskeldi/index.htm

# Hvar stöndum við?

## - Miklar framfarir í föngun



# Hvar stöndum við?
## - Óheppileg tímasetning föngunartíma



# Hvar stöndum við?
## - Stöðnun í slátruðu magni






# Hvar stöndum við?
## - Framleiðslan dregst saman






# Hvar stöndum við?
## - Fóðurstuðulinn hækkar






# Hvar stöndum við?
## - Dagvöxtur byrjaður að minnka






# Hvar stöndum við?

## - Aðeins um **1/3** fyrirtækjanna ennþá starfandi



# Ávinningur af föngun og áframeldi

- Skiptar skoðanir um framtíðarmöguleika föngunar og áframeldis á Íslandi
- Af hverju hafa „sumir” trú á að áframeldi?
- Eru áhugaverðir ónýttir möguleikar?



# Ávinningur af áframeldi: Fyrir þjóðarbúið

- **Atvinnuuppbygging:** Með því að úthluta til áframeldis er verið að stuðla að uppbyggingu nýrrar atvinnugreinar – Við úthlutun til hefðbundinna veiða er aðeins verið að verja þau atvinnutækifæri sem eru þegar til staðar
- **Áframeldi getur verið arðbært:** Nú er hægt að reka áframeldi með viðunandi hagnaði (?) og eini möguleikinn að framleiða eldisþorsk með viðunandi afkomu á allra næstu árum.
- **Stuðningur við aleldi:** Áframeldi er beinn stuðningur við uppbyggingu á aleldi á Íslandi og getur brúað það tímabil þar til aleldi er áhugaverður valkostur

# Ávinningur af föngun og áframeldi:
## - Föngun

- Með föngun þar sem markmiðið er að koma með lifandi fisk þarf að „hemja" í sér veiðimanninn og rækta eldismanninn. Það getur haft jákvæð áhrif yfir til hefðbundinna veiða m.t.t. gæða og afhendingaöryggis:
  - **Getur breytt hugsunarhætti** – meiri áhersla verði lögð á gæði hráefnis
  - Meiri áhersla á að **hanna veiðafæri** með það að markmiði að halda fiskinum sem lengst á lífi.
  - Bátar útbúnir til að **geyma fisk tímabundið lifandi** beint til slátrunar, áframeldis eða í tímabundna geymslu í kví.
  - Stutt geymsla á fiski í kví **eykur gæði** fisksins.

# Ávinningur af föngun og áframeldi:
## - Eldið

- Með því að nota þorsk í eldi í staðinn fyrir að landa dauðum fiski næst eftirfarandi:
  - **Aukin verðmæti:** Með því að tvöfalda þyngd þorsks í eldi, a.m.k. tvöfaldast útflutningstekjur miðað við að setja villtan fisk beint í vinnslu.
  - **Aukin stærð – meiri verðmæti:** Með því að auka þyngd fisksins t.d. úr 2 kg í 4 kg aukast verðmæti hans, per kg.
  - **Fleiri afvinnutækifæri:** Lífþungaaukning upp á 100 tonn gefur 2-4 ársverk og afleidd störf eru 1,7 skv. gögnum frá Noregi

# Ávinningur af föngun og áframeldi:
## - Hráefnið og vinnsla

- ***Ferskara hráefni***: Betur hægt að stjórna því magni sem fer í slátrun á hverjum tíma og stýra betur vinnsluferlinu, en við hefðbundnar fiskveiðar. Taka í vinnslu þegar vantar villtan fisk.
- ***Betri nýting:*** Áframeldisþorskur er holdmeiri og flakanýting betri (m.v. slægt). Jafnframt er flakið þykkara sem eykur hlutfall dýrari afurða.
- ***Verðmætari afurðir:*** Hærra hlutfall í dýrari afurðaflokka hjá áframeldisþorski en villtum þorski (m.v. slægðan) vegna meiri ferskleika og þykkara flaks (hærra hlutfall af hnökkum).
- ***Meiri afköst:*** Í flakavinnslu eru meiri afköst á áframeldisþorski en villtum þorski: færri hringormar (?) og snyrting er minni vegna meiri ferskleika og gæða.
- ***Meiri verðmæti úr innyflum***: Auðveldara að nýta og gera verðmæti úr innyflum en við hefðbundnar veiðar á þorski.

# Ávinningur af föngun og áframeldi:
## - Markaðssetning

- ***Meira afhendingaröryggi:*** Meiri stöðugleiki og öryggi í framboði úr áframeldi en þorskveiðum þar sem brælur geta frekar hamlað veiðum í lengri tíma, sérstaklega yfir vetrarmánuðina.
- ***Stjórna framboði:*** Mun auðveldar er að stjórna framboði og selja þorsk á þeim tíma sem hæsta verð er greitt.
- ***Lengra geymsluþol**:* Áframeldisþorskur sem flakaður er fyrir dauðastirðnun hefur meira geymsluþol en villtur þorskur sem yfirleitt er flakaður eftir dauðastirðnun – Gefur m.a. meiri möguleika á flutningi með skipum og lækkun flutningskostnaðar.

# Hvert stefnum við?

- Ætlum við eingöngu að nýta 500 tonna aflaheimildir til áframeldis á næstu árum?
  - Koma menn til að nýta eigin kvóta til áframeldis?
  - Ætla menn að fjárfesta í „alvöru" búnaði til föngunar og flutnings á þorski?
- Ef við nýtum eingöngu 500 tonna aflaheimildir til áframeldis á þorski samtals í tæp 15 ár er hætta að við komum að fá töluverða gagnrýni.
  - Þá er mikilvægt að sýna fram á að öflugt rannsókna- og þróunarstarf hafi verið stundað og að aflaheimildirnar hafi verið nýttar á skynsaman hátt.

# Hvert stefnum við?

- Niðurstaða?
  - Skv. framtíðarsýn í stefnumótun Landsambands fiskeldisstöðva kemur fram fyrir eldisþorsk: „*Áframeldi mun líklega halda þorskeldi gangandi þar til aleldi verður hagkvæmt. Framleiðslumagn mun þó ekki aukast mikið frá því sem nú er og verður í mesta lagi tæp 1.500 tonn,* ***nema til komi aukinn kvóti****. Framleiðsla úr aleldi og áframeldi mun aukast hægt á næstu árum og er því spáð að hún geti numið um 2.500 tonnum árið 2015*”.